



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300101/tb

Alþingi - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


**Efni: Frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur  
Keflavíkurflugvallar**


Við er í bréf frá Samgöngunefnd Alþingis, dags. 17. mars 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar ofl., 471. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þann hluta frumvarpsins sem snýr að rekstri Keflavíkurflugvallar og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og stofnun opinbers hlutafélags hvað það varðar enda málefnið ekki á verksviði stofnunarinnar. Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að í 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um skipulagsmál er lagt til að það sé stofnuð skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar nærliggjandi sveitarfélaga og síðan fulltrúar bæði umhverfisráðuneytisins og Skipulagsstofnunar. Í 8. gr. er eftirfarandi heimild: *Heimilt er skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar vegna flugvallarsvæðis og utanríkisráðherra vegna öryggissvæðis að taka þátt í gerð svæðisskipulags ásamt nærliggjandi sveitarfélögum í samræmi við ákvæði skipulagslaga.* Umhverfisstofnun vill benda á að með þessu fyrirkomulagi verða bæði umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun aðilar að gerð skipulags sem bæði ráðuneytið og stofnunin eiga eftir að fjalla um á síðari stjórnsýslustigum.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á hvort ekki sé ástæða til að stofna umhverfisnefnd fyrir flugvöllinn sem skal vera rekstraraðilum flugvallarins til ráðgjafar um umhverfismál og fjalla um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á umhverfið og gera tillögur um úrbætur.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Trausti Baldursson